

Í tilefni 10 ára starfsafmælis FRÆ: Ný vefsíða FRÆ um fíkniefnamál

- Ný fréttasíða, pistlar, gagnasafn og umræður



www.forvarnir.is opnaður
Jón Kristjánsson, heilbrigðis- og tryggingaráðherra og Anna Elísabet Ólafsdóttir, forstjóri Lyðheilsustöðvar opna nýtt vefsvæði FRÆ í húskynnum FRÓÐA við Seljaveg 2 í Reykjavík 10. desember sl. FRÓÐI styrkti gerð vefjarins.



www.forvarnir.is 10. desember 2003

5. nóvember 1993 hóf Fræðslumiðstöð í fíknivörnum (FRÆ) starfssemi sína en hlutverk hennar hefur verið að styrkja og efla fíkniefnavarnir í landinu með fjölþættu, faglegu upplýsinga- og fræðslustarfi. Í tilefni 10 ára starfsafmælisins 2003 var m.a. teiknað nýtt merki fyrir miðstöðina og af sama tilefni ráðist í endurgerð og hönnun á nýrri heimasíðu sem ekki var vanþörf á.

Upplýsingaleit á Netinu hefur aukist og vaxið hröðum skrefum síðustu ár. Með almennari tölvueign fólks og aukinni áherslu á notkun tölva í samskiptum og upplýsinga- og gagnamiðlun hefur áhugi og þekking á notkun tölva í þessu skyni aukist.

Margir hefja gagna- og upplýsingaleit á Netinu og skoða þar og prenta

Meðal efnis á nýju vefsíðunni:

- Allt efni sem gefið hefur verið út á vegum FRÆ.
- Tímirtíð ÁHRIF - af vettvangi vímuefnamála.
- Verkefni og önnur starfssemi á vegum FRÆ.
- Greinar og ritgerðir.
- Fréttabréf FRÆ.
- Fræðsluefni fyrir foreldra.
- Opin vefumræða um forvarnir.
- Upplýsingar um rannsóknir.
- Upplýsingar um skaðsemi fíkniefna.
- Upplýsingar um ráðgjöf.
- Sérstök upplýsingasíða fyrir framhaldsskóla.
- Spurningakannanir um viðhorf og venjur.
- Tölulegar upplýsingar um áfengis- og fíkniefnamál.
- Dagbók um forvarnastarf, ráðstefnur, fundi og aðra viðburði.
- Tenglar.

út aðgengilegar upplýsingar áður en farið er í bókasöfn í sömu erindagerðum. Þessi háttur virðið hafður á hvort sem um er að ræða efnisöflun til persónulegrar upplýsingar og/eða fræðslu eða til notkunar við greina- og ritgerðasmíð vegna náms, kennslu eða upplýsingamiðlunar til annarra með öðrum hætti.

Fræðslumiðstöð í fíknivörnum hefur haldið úti vefsíðu í nokkur ár með ýmsum upplýsingum og fræðsluefni. Álag á síðuna hefur aukist jafnt og þétt og hún orðin úrelt í örri þróun tækni á þessu sviði, m.a. með möguleikum á gagnvirkni. Til þess að mæta þessum breytingum og aukinni eftirspurn var vefsetrið sett upp í nýju vefforriti (Ecweb), efni af gömlu síðunni aðlagð og fært í nýtt umhverfi auk þess sem nýju efni var bætt við. Þá verður haldið úti umræðu um áfengis- og fíkniefnamál á FRÆ vefnum, skoðanakönnunum og fleiru sem hin gagnvirka tækni býður upp á. □